

Alþingi
Erindi nr. P 136/1217
komudagur 11. 3. 2009



Lágmúli 7, 5. hæð
108 Reykjavík
Sími: 588 4400
Fax: 588 4410
juris@juris.is
www.juris.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. mars 2009

Umsögn Félags kjúklingabænda, Svínaræktarfélags Íslands og Landssambands sláturleyfishafa um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðaukavið EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða (hér eftir nefnt frumvarpið).

Fyrir hönd Félags kjúklingabænda, Svínaræktarfélags Íslands og Landssambands sláturleyfishafa er vísað til fyrri umsagnar dags. 6. maí 2008, í tilefni af frumvarpi sama heitis sem lagt var fram á 135. löggjafarþingi, 524. mál. Vísað er til sömu sjónarmiða og raka og sett voru fram í fyrrgreindri umsögn, auk þess sem sérstaklega er vísað til og tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Bændasamtaka Íslands dags. í dag.

Sérstaklega eru ítrekuð sjónarmið þess efnis, að óheftur innflutningur hrárra og lítt saltaðra sláturafurða kunni að hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar á hið viðkvæma lífríki landsins, auk lýðheilsu. Minnt er á, að með markvissu eftirliti hefur tekist að halda tilfellum sýkinga í kjötafurðum (einkum salmónellu- og kamfýlóbactersýkinga) hér á landi í algeru lágmarki, einkum hin síðari ár, enda hefur markvisst verið unnið að því, að útrýma eða draga verulega úr sýktum kjötvörum á markaði hérlandis. Í ríkjum Evrópusambandsins er staðan hins vegar allt önnur, en þar eru sýkingar í sláturafurðum algengar, auk þess sem ekki virðast gerðar jafn strangar kröfur til kjötvöru hvorki af hálfu smásala og neytenda né af hálfu þarlendra stjórnvalda, og gerðar eru til framleiðenda


[1]

sláturafurða hér á landi. Þykja því verulegir almannahagsmunir standa til þess, að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt.

Er þá jafnframt vísað til annarra sjónarmiða sem reifuð eru í fyrrgreindri umsögn, einkum sjónarmiða er varða hina sérstöku samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar, þ.á m. sjónarmiða um tollumhverfi.

Hvað tolla varðar sérstaklega þá er á það bent að hinn 1. mars 2007 lækkuðu tollar á kjöt og kjötvöru frá ESB ríkjum um 40%, með nánast engum fyrirvara. Sú lækkun skerðir mjög möguleika innlendra framleiðenda til að mæta samkeppni erlendis frá. Tollar á ferskar kjötvörur eru eftir þessa lækkun mun lægri hér á landi en t.d. í Noregi. Þá er á það bent hér, að nokkur vafi leikur á því, hvort umrædd tollalækkun hinn 1. mars 2007 hafi samrýmst ákvæðum 40., sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, einkum með hliðsjón af ákvæði 77. gr. eins og henni var breytt með stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995, sbr. meðfylgjandi minnisblað dags. 12. nóvember 2008.

Að öðru leyti er, eins og áður greinir, vísað til umsagnar Bændasamtaka Íslands dags. í dag, og tekið að öllu leyti undir þau sjónarmið sem þar koma fram, þ.á m. er tekið undir þær tillögur sem þar eru gerðar til breytinga á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Lárus L. Blöndal, hrl.